

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *16. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 6. mars 2007, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.
3. Gjaldskrá sorpgjalda 2007 seinni umræða.
4. Kristján Halldórsson mætir á fundinn og fer yfir stöðu mála varðandi hugsanlegt álver Alcoa við Húsavík.
5. Skipan fulltrúa í stjórn Umhverfissjóðs Mývatnssveitar.
6. Bréf frá Umhverfissráðuneyti dags. 8. febrúar, þar sem staðfest er breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.
7. Deiliskipulag í Vogum, Stórarjóður.
8. Styrkbeiðni v/útgáfu blaðs útskriftarhóps félagsráðgjafa.
9. Erindi frá Héðni Sverrissyni dags. 9. febrúar.
10. Greinargerð sveitarstjórnar v/kæru til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála v/Dettifossvegur.
11. Trúnaðarmál.
12. Erindi frá Akstursíþróttaklúbbi Mývatnssveitar og Björgunarsv. Stefáni.
13. Bréf frá Herdísi Steingrímsdóttur vegna lausagöngu hunda.
14. Erindi frá Landsvirkjun ósk um framkvæmdaleyfi.

### Til kynningar:

Staðfest samþykki landeigenda Reykjahlíðar v/samkomulags um landbóta- og landnýtingaráætlun 2007-2010 fyrir Austufjöll og Gæsafjöll.

Fundargerð Eypings frá 9. febrúar.

Fundargerð Samstarfsnefndar um sameiningu Pineyjarsveitar, Aðaldælahrepps og Skútustaðahrepps dags. 21. febrúar.

Úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála v/kæru eigenda hússins að Helluhrauni 5 í Skútustaðahreppi á samþykkt sveitarstjórnar frá 27. apríl

2006 um heimild til að breyta notkun húsanna nr 7a, 8 og 8a við Helluhraun úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11, 12, 13 og 14 yrði bætt á dagskrána.  
Samþykkt samhljóða.

**2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, seinni umræða.**

Fjárhagsáætlun til þriggja ára rædd og samþykkt.

**3. Gjaldskrá sorpgjalda 2007 seinni umræða.**

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjöld) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2.gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir		14.700 kr.
Fyrirtæki:	a)	14.700 kr.
	b)	40.300 kr.
	c)	73.400 kr.
	d)	134.600 kr.
	e)	263.200 kr.
	f)	397.900 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

3.gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8.gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 15. febrúar og 6. mars 2007.

Skútustaðahreppi, .... febrúar 2007.

Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstjóri.

Gjaldskráin samþykkt óbreytt frá síðasta fundi og sveitarstjóra falið að afla henni staðfestingar.

- 4. Kristján Halldórsson mætir á fundinn og fer yfir stöðu mála varðandi hugsanlegt álver Alcoa við Húsavík.**  
Kristján Halldórsson fór yfir stöðu mála varðandi hugsanlegt álver Alcoa við Húsavík og svaraði spurningum fundarmanna.
- 5. Skipan fulltrúa í stjórn Umhverfissjóðs Mývatnssveitar.**  
Samþykkt að fulltrúi Skútustaðahrepps í stjórn sjóðsins verði Margrét Hólm Valsdóttir.
- 6. Bréf frá Umhverfissráðuneyti dags. 8. febrúar, þar sem staðfest er breyting á aðalskipulagi Skútustaðahrepps.**  
Borist hefur undirritaður uppdráttur vegna breytinga á aðalskipulagi Skútustaðahrepps. Breytingin tók til Gamlatúns, Hrútavogstanga, Vogahrauns og Stórarjóðurs. Breytingin hefur þegar tekið gildi.
- 7. Deiliskipulag í Vogum, Stórarjóður.**  
Á fundi sveitarstjórnar 1. júní 2006 var samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillögu að frístundabyggð í Stórarjóðri með þeim athugasemdum að hún byggðist á tillögu að breyttu aðalskipulagi sem samþykkt var í sveitarstjórn 1. júní og fór í staðfestingarferli hjá Skipulagsstofnun. Tillagan var auglýst og engar athugasemdir bárust. Fyrirnefnd aðalskipulagsbreyting var ekki staðfest af ráðherra fyrr en 7. febrúar sl.  
Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna með eftirfarandi skilyrðum:
- Framkvæmt verði miðað við eftirspurn.
  - Framkvæmdum verði áfangaskipt þannig að sem minnst rask verði hverju sinni.
  - Samræmt verði útlit bygginga þ.e. litur húsa og þök.
  - Reynt verði eftir megni að leggja vatnsveitur, rafmagn oþh. í einn skurð.
  - Reynt verði eftir megni að sameina hús um rotþrær.
  - Ekki verði plantað öðrum tegundum af gróðri en fyrir er á staðnum.
- Sveitarstjórn vekur athygli á að með staðfestingu deiliskipulags frístundabyggðar í Stórarjóðri er verið að marka ákveðin spor í skipulagi sveitarinnar. Nauðsynlegt er á þessum tímamarki að staldra við og marka ákveðna stefnu í slíkum málum. Með vinnu við endurskoðun aðalskipulags Skútustaðahrepps gefst íbúum tækifæri til að koma sinni skoðun á framfæri, hvernig þeir vilja sjá slíkar byggðir í Mývatnssveit. Íbúar sveitarinnar þurfa að stíga varlega til jarðar og gæta þess að ekki verði sköpuð sú ásýnd sem sjá má í mörgum sveitum meðal annars í Þingvallasveit. Við búum í náttúruperlu sem við viljum nýta en jafnframt verðum við að vernda hana á þann hátt að við getum verið stolt af að skila henni af okkur til komandi kynslóða.
- Kristján vék af fundi við afgreiðslu málsins.
- 8. Styrkbeiðni v/útgáfu blaðs útskriftarhóps félagsráðgjafa.**  
Erindinu er hafnað.
- 9. Erindi frá Héðni Sverrissyni dags. 9. febrúar.**  
Borist hefur erindi dags. 9. febrúar frá Héðni Sverrissyni vegna óska um aðalskipulagsbreytingar á Geiteyjarströnd 1.  
Samþykkt að fresta erindinu og boða Héðinn á fund.

**10. Greinargerð sveitarstjórnar v/kæru til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála v/Dettifossvegur.**

Lögð var fram greinargerð til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála þar sem fram kemur rökstudd afstaða sveitarstjórnar til álits Skipulagsstofnunar á mati á umhverfisáhrifum nýs Dettifossvegur, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 5. mgr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Greinargerðin tekur eingöngu til veglína A og B á 1. áfanga að nýjum vegi, þeim hluta sem liggur innan stjórnarsýslumarka Skútustaðahrepps. Greinargerðin er tilkomin vegna kæru sveitarstjórnar Skútustaðahrepps til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála, þar sem kærð er niðurstaða Skipulagsstofnunar sbr. bréf hennar, dags. 24. janúar 2007, að mæla ekki með veitingu framkvæmdaleyfis fyrir lagningu 1. áfanga nýs Dettifossvegur samkvæmt veglínu B. Greinargerðin er dagsett 2. mars og var send sveitarstjórnarmönnum í tölvupósti til kynningar þann dag.

**11. Trúnaðarmál.**

Fært í trúnaðarmálabók.

**12. Erindi frá Akstursíþróttaklúbbsi Mývatnssveitar og Björgunarsv. Stefáni.**

Borist hefur erindi dags. 5. mars, frá Yngva R. Kristjánssyni f.h. Akstursíþróttaklúbbs Mývatnssveitar og Björgunarsveitarinnar Stefáns, þar sem óskað er eftir leyfi sveitarstjórnar til að halda vélsleðamót í Mývatnssveit 9 og 10 mars n.k.. Áætlaðir mótsstaðir eru við bílastæðin að Leirhnjúk og Stakhólstjörn. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti, að veita umbeðið leyfi.

**13. Bréf frá Herdísí Steingrímsdóttur vegna lausagöngu hunda.**

Borist hefur bréf dags. 6. mars frá Herdísí Steingrímsdóttur, þar sem hún kvartar undan lausagöngu hunda í götunni. Samþykkt að skrifa eigendum hundanna bréf.

**14. Erindi frá Landsvirkju ósk um framkvæmdaleyfi.**

Með bréfi dags. 22. febrúar óskar Landsvirkjun eftir framkvæmdaleyfi fyrir borun rannsóknarholu í Bjarnarflagi. Afstaða hennar til annarra borhola á svæðinu er í öllum meginatriðum eins og lýst er í matsskýrslu um Bjarnarflagsvirkjun dags. 17. des. 2003. Skipulagsstofnun féllst á byggingu fyrirhugðarar virkjunar í Bjarnarflagi eins og henni er lýst í áðurgreindri matsskýrslu. Framkvæmdin er í samræmi við aðalskipulag Skútustaðahrepps. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.